



Alþingi
Erindi nr. P 136/1046
komudagur 5.3.2009

Sauðárkróki, 4. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um 258. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá 1. Kafla 1. viðauka við EES-samninginn.

Ég þakka fyrir að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fái þetta mál til umsagnar, en það snertir með beinum hætti þá málaflokka sem heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með og sömuleiðis rekstrarförsendur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Heilbrigðiseftirlitin eru víðast samvinnuverkefni sveitarfélaganna sem stjórnað er af kjörnum fulltrúum á viðkomandi svæði auk fulltrúa Samtaka atvinnulífsins.

Almennt má telja að lögfesting frumvarpsins rýmki fyrir innflutningi á landbúnaðarafurðum frá Evrópu. Á Íslandi hefur tekist betur til en víða annars staðar við að framleiða heilnæmar afurðir þar sem salmonelluinnihald er fátíðara og á það við um kjúklinga og svínakjöt. Það liggur því í hlutarins eðli að aukinn innflutningur muni leiða til aukinnar áhættu fyrir neytendur.

Athugasemd við 4. grein frumvarpsins.


Í greininni er lögð til breyting á 6. grein laga nr. 93/1995. Með breytingunni er verið að ríkisvæða ákveðna þætti eftirlits, þ.e. að flytja umsjón þeirra til Matvælastofnunar (MAST), umsjón sem hefur verið um langa tíð á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna og er þá átt við mjólkurstöðvar, eggjavinnslur og kjötvinnslur.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna munu samt sem áður halda áfram að hafa eftirlit með mengun frá framangreindum fyrirtækjum og sömuleiðis fylgjast með gæðum neysluvatns. Það er því ljóst að þessi breyting mun ekki vera liður í áætlun stjórnvalda um „einfaldara Ísland“ þar sem fleiri aðilar munu koma að daglegu eftirliti og eftirlitsmenn á vegum MAST munu alla jafna þurfa að fara um mun lengri veg til að sinna eftirliti. Undirritaður hefur sinnt eftirliti með þremur mjólkursamlögum í mjög góðri samvinnu við fyrst Hollustuvernd ríkisins, svo Umhverfisstofnun og nú síðast Matvælastofnun. Aldrei hefur verið fundið faglega að eftirliti heilbrigðiseftirlitsins og þess vegna vandséð hvaða breytingum er verið að ná fram í starfsháttum mjólkursamlaga.

Áður en farið er út í miklar breytingar er skynsamlegt að fara ofan í saumana á hagkvæmni þess að heilbrigðiseftirlitin tækju að sér matvælaeftirlit í fiskvinnslum sem myndi án efa einfalda opinbert

eftirlit og leiða til sparnaðar fyrir fyrirtækin. Það að færa aukin verkefni til sveitarfélaganna er í samræmi við stefnu stjórnvalda um að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Til þess að tryggja samræmingu með eftirliti er vænlegra til árangurs að MAST beiti sér fyrir faglegri forskrift á þeirri vinnu sem nú er unnin og ekki hefur verið gerð nokkur efnisleg athugasemd við um áratugaskeið, í stað þess koma á fót nýjum ríkisútibúum með tilheyrandi kostnaði til þess að yfirtaka hluta af vinnu stofnana sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt

Sigurjón Þórðarson
heilbrigðisfulltrúi